

# Fundargerð 199. fundar sveitarstjórnar Flóahreppi

**Fundarstaður:** Þingborg  
**Fundardagur:** Miðvikudagur 7. mars 2018  
**Fundartími:** 13:30 – 16:15  
**Fundarmenn:** Árni Eiríksson oddviti  
Margrét Jónsdóttir  
Svanhvít Hermannsdóttir  
Sigurbára Rúnarsdóttir  
Rósa Matthíasdóttir  
Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri

Árni Eiríksson setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Samþykkt að bæta við dagskrána lið nr. 19. Önnur mál, a) minnisblaði frá eigendum Hitaveitu Áshildarmýrar varðandi kostnað við hitaveitutengingar og gjaldskrá og b) erindi frá Gjalp – styrkbeiðni. Samþykkt að fundargerð verði rituð á tölvu sbr. 23. gr. sveitarstjórnarlaga. Eydís Þ. Indriðadóttir sveitarstjóri ritaði fundargerð.

## Dagskrá:

### Skipulagsmál:

#### 1. Fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita nr. 150, dags. 08.02.2018

##### a) Þingás lnr 224358 og Efri-Gróf lóð 5 lnr 223471: Íbúðar- og útihús: Deiliskipulag – 1712033

Lögð fram skipulagsauglýsing vegna deiliskipulags tveggja lóða úr landi Efri-Grófar, annars vegar Efri-Grófar lóð 5 (lnr. 223471) sem er 30 ha að stærð og Þingáss (lnr. 224358) sem er 10,42 ha. Er gert ráð fyrir að á lóðunum verði heimilt að byggja íbúðarhús með bílskúr auk hesthúss/skemmu.

*Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við að lýsingin verði kynnt skv. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga og send til umsagnar Skipulagsstofnunar. Síðar í ferlinu er gert ráð fyrir að leitað verði umsagnar Minjastofnunar og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.*

Sveitarstjórn samþykkir bókun skipulagsnefndar með 5 atkvæðum

##### b) Skálmholt land F lnr 199346: Steinhólar: Deiliskipulag – 1802011

Lögð fram umsókn Eflu verkfræðistofu dags. 2. febrúar 2018, f.h. landeigenda, um að deiliskipulagslýsing sem nær til landsins Skálmholt land F verði tekin til afgreiðslu. Landið er 15 ha að stærð og skv. lýsingunni er gert ráð fyrir byggingu íbúðarhúss, bílskúrs, útihúss, geymsla og fjölnotahúss auk þess sem gert er ráð fyrir að landið fái heitið Steinhólar.

*Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við að lýsingin verði kynnt skv. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga og send til umsagnar Skipulagsstofnunar. Síðar í ferlinu er gert ráð fyrir að leitað verði umsagnar Minjastofnunar og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.*

Sveitarstjórn samþykkir bókun skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.

##### c) Árheimar (áður Hólmasel 2) lnr. 225221: Deiliskipulag – 1708068

Lögð fram lagfærð tillaga að deiliskipulagi sem nær til um 14,4 ha spildu úr landi Hólmasels 2. Er heildarstærð landsins 58,1 ha og er það skráð sem lögbýli og gert ráð fyrir að nafn þess verði Árheimar. Er tillagan lögð fram í kjölfar fundar skipulagsfulltrúa og oddvita Flóahrepps með umsækjendum.

*Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

Sveitarstjórn samþykkir bókun skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.

##### d) Stóra-Ármót lnr 166274: Stóra – Ármót 3: Stofnun lóðar – 1802014

Lögð fram umsókn Sveins Sigurmundssonar dags. 2. febrúar 2018 um stofnun 14.720 fm lóðar úr landi Stóra Ármóts lnr. 166274 og er óskað eftir að hún fái nafnið Stóra Ármót 3. Er lóðin utan um nýbyggt gripahús.

*Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar og ekki er gerð athugasemd við landskipti skv. 13. gr. jarðalaga.*

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.

**e) Ölvisholt 207869: Kúlutjöld og þjónustusvæði: Deiliskipulag – 1708024**

Lögð fram að lokinni auglýsingu tillaga að deiliskipulagi svæðis í landi Ölvisholts þar sem afmarkað er svæði fyrir kúlutjöld auk tveggja byggingarreita fyrir hreinlætisaðstöðu. Er gert ráð fyrir allt að 6 kúlutjöldum á svæðinu, tveimur allt að 35 fm salernum með sturtu og tveimur 10 fm, auk allt að 35 fm aðstöðuhúss. Tillagan var auglýst skv. 1 mgr. 41. gr. skipulagslaga frá 7. desember 2017 til 19. janúar 2018. Engar athugasemdir bárust en fyrir liggja umsagnir Minjastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Vegagerðarinnar. Er tillagan nú lögð fram með minniháttar breytingum til að koma til móts við umsögn Minjastofnunar.

*Skipulagsnefnd mælir með að deiliskipulagið verði samþykkt með þeirri breytingu að svæði fyrir kúlutjöld verði minnkað næst Ölvisholtsvegi þannig að það verði 100 m frá miðlínu vegar. Þá þarf einnig að merkja inn fyrirhugaða staðsetningu fráveitumannvirkis.*

Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi deiliskipulag með þeirri breytingu sem lögð er til af skipulagsnefnd að tjaldsvæðið verði ekki nær Ölvisholtsvegi en 100 m frá miðlínu vegar og að merkt sé inn fyrirhuguð staðsetning á fráveitumannvirki.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**f) Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 18 – 72 – 1801007F**

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 30. janúar 2018.

**2. Fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita nr. 151, dags. 22.02.2018**

**a) Langholt 2 lnr 166249: Tvær íbúðarhúsalóðir: Deiliskipulag – 1802012**

Lögð fram umsókn Eflu dags. 2. febrúar 2018, f.h. landeiganda Langholts 2, þar sem óskað er eftir að lýsing deiliskipulags fyrir tvær íbúðarhúsalóðir á um 4 ha lands verði tekin til afgreiðslu. Um er að ræða svæði nokkuð austan við núverandi bæjartorfu og er þar gert ráð fyrir að heimilt verði að byggja íbúðarhús, bílskúr og hesthús/skemmu á hvorri lóð.

*Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við að lýsingin verði kynnt skv. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga auk þess sem hún verði send Skipulagsstofnun og Veðurstofu Íslands til umsagnar.*

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.

**b) Loftstaðir-Vestri lnr 165512: Ferðapjónusta: Tjöld og þjónustuhús: Deiliskipulag – 1712001**

Lögð fram tillaga að nýrri afmörkun byggingarreits fyrir tjöld og þjónustuhús í landi Loftstaða-Vestri.

*Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við nýja staðsetningu á tjöldum og þjónustuhúsi en telur að forsenda uppbyggingarinnar sé að aðalskipulagi svæðisins verði breytt í affreyngar- og ferðapjónustusvæði. Ákvörðun um hvort breyta eigi aðalskipulagi svæðisins er vísað til sveitarstjórnar.*

Sveitarstjórn frestar afgreiðslu erindisins en óskað eftir fundi með umsækjendum þar sem þeir geri betur grein fyrir áformum sínum.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**c) Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 18 – 73 – 1802002F**

d) Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 14. febrúar 2018.

**3. Erindi til sveitarstjórnar frá Árna Hrólfssyni - svar lögmanns Flóahrepps**

Sigurbára Rúnarsdóttir vísar til afgreiðslu erindisins.

Á 197. fundi sveitarstjórnar Flóahrepps var lagt fram erindi frá Árna Hrólfssyni þar sem óskað er eftir rökstuðningi fyrir því hvers vegna tilkynna þurfi aðila máls um það ef leitað er upplýsinga um málefni sem tengjast honum. Sveitarstjóra í bókun fundarins falið að leita lögfræðilíts.

Fyrir liggur svar lögmanns Flóahrepps með vísan í 3.tl. 18 gr. laga um persónuvernd nr. 20/1991 sem staðfestir ákvörðun sveitarstjórnar um að upplýsa beri aðila máls.

Sveitarstjóra falið að svara erindi Árna, og senda umbeðin gögn og afrit að svari lögmanns.

Samþykkt með 4 atkvæðum.

**4. Skólalóð Flóaskóla – aðkoma hönnuða að skipulagi skólalóðar**

Fyrir liggur minnisblað frá Tæknisviði uppsveita varðandi þau atriði sem taka þarf tillit til í auglýsingu eftir hönnuði sem tæki að sér að fullhanna leiksvæði á skólalóð Flóaskóla. Einnig liggja fyrir hugmyndir frá samráðfundi foreldra, nemenda og starfsmanna ásamt hugmyndum um skipulag lóðarinnar sem unnar voru af nemendum og kennurum í 8. – 10. bekk Flóaskóla Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram í samráði við Tæknisvið Uppsveita. Samþykkt með 5 atkvæðum.

**5. Sorphirða í Flóahreppi – ný flokkunarhandbók**

Lagt fram tilboð í hönnun og útgáfu nýrrar flokkunarhandbókar fyrir Flóahrepp. Sveitarstjóra falið að senda próförk á sveitarstjórnarfólk og á nefndarmann í atvinnu- og umhverfisnefnd Flóahrepps áður en bæklingur fer til prentunar. Samþykkt með 5 atkvæðum.

**6. Frá Fræðslunefnd Flóahrepps – tilmæli um breytingu á opnunartíma Krakkaborgar**

Lögð fram bókun fræðslunefndar Flóahrepps frá 107. fundi dags. 20.02.2018. Þar eru bókaðar upplýsingar um opnunartíma leikskóla í öllum sveitarfélögum í Árnessýslu. Fram kemur að opnunartíminn er breytilegur eftir sveitarfélögum frá 8 klst á dag í 9,5 klst á dag. Fræðslunefnd beinir þeim tilmælum til sveitarstjórnar að ef endurskoða á opnunartíma Krakkaborgar þá sé æskilegt að breytingar liggi fyrir áður en kemur að sumarlokun leikskólans. Sveitarstjórn leggur til að opnunartíma Krakkaborgar verði breytt á þann veg að hann sé opin frá klukkan 7:45 til 16:30 í stað 17:00. Breytingin taki gildi að loknu sumarleyfi 2018. Samþykkt með 5 atkvæðum.

**7. Áfangastaðaáætlun DMP á Suðurlandi – drög til umsagnar**

Lögð fram drög að Áfangastaðaáætlun DMP (e. Destination Management Plan) Suðurlands til umsagnar og athugasemda. Lagt fram til kynningar.

**8. Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga - drög að landsáætlun um verndun náttúru og menningarsögulegra minja**

Lagt fram erindi frá stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga þar sem sveitarstjórnir eru hvattar til þess að kynna sér drög að landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum og senda umsögn um drögin ef þær telja tilefni til þess. Drögin lögð fram til kynningar.

**9. Erindi frá Vinnumálastofnun – sumarstarfsmenn**

Lagt fram erindi frá Vinnumálastofnun þar sem bent er á möguleika sveitarfélaga og annarra atvinnurekenda á að ráða háskólamenntaða atvinnuleitendur til sumarstarfa með fjárstyrk frá Vinnumálastofnun. Sveitarstjórn þakkar erindið og felur sveitarstjóra að skoða málið nánar. Samþykkt með 5 atkvæðum.

**10. Flóaljós – upplýsingar frá verkefnisstjóra**

Lagðar fram upplýsingar um framgang verkefnisins. Fundað hefur verið með Eflu vegna husanlegra samlegðaráhrifa við ljóðleiðararlagningu í dreifbýli innan Árborgar sunnan við Selfoss. Pacta lögmenn vinna nú að gerð samræmanleikaskýrslu vegna verkefnisins. Heimsóknum til íbúa hefur seinkað er að öðru leyti gengur verkefnið samkvæmt áætlun.

**11. Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga – viljayfirlýsing um aðgerðir gegn einelti, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum**

Í erindi Sambandsins er þeim tilmælum beint til sveitarfélaga að skilyrða styrkveitingar til íþróttafélaga og annarra félaga sem bjóða upp á tómsundaiðkun fyrir börn og unglunga því að félögin setji sér siðareglur, viðbragðsáætlanir og fræði sitt fólk um ofbeldi, kynferðislega áreitni og kynferðisofbeldi. Eftirfarandi er bókun Sambands íslenskra sveitarfélaga:

*„Stjórn sambands íslenskra sveitarfélaga hvetur sveitarfélög til að skilyrða fjárveitingar til íþróttafélaga og annarra félaga sem bjóða upp á tómsundaiðkun fyrir börn og unglunga, því að félögin setji sér siðareglur, viðbragðsáætlanir og fræði sitt fólk um ofbeldi, kynferðislega áreitni og kynferðisofbeldi. Mikilvægt er að félög sýni fram á að farið sér eftir jafnréttisáætlunum og jafnréttislögum í starfi sínu. Séu slíkar reglur nú þegar til staðar hvetur stjórn Sambandsins sveitarfélög til að yfirfara sínar stefnur með þetta í huga.“*

Sveitarstjórn Flóahrepps tekur undir erindi Sambands íslenskra sveitarfélaga og beinir þeim tilmælum til æskulýðs- og tómstundarnefndar og Ungmennafélagsins Þjótanda að þau yfirfari stefnur sínar með tilliti til þessarar bókunar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**12. Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga – breytingar á mannvirkjalögum**

Í erindinu er vakin athygli á því að til meðferðar er frumvarp til breytinga á mannvirkjalögum og umsagnarbeiðnir hafa verið sendar út vegna þess. Frumvarpið er af einhverjum ástæðum ekki sent til umsagnar sveitarfélaga eða byggingarfulltrúa og mun Samband íslenskra sveitarfélaga gera athugasemdir vegna þess. Sveitarfélögum er jafnframt bent á að þau hafa fulla heimild til þess að senda inn athugasemdir við frumvarpið óski þau þess.

Sveitarstjórn Flóahrepps þakkar ábendinguna og tekur undir athugasemdir Sambands íslenskra sveitarfélaga. Ekki er gerð athugasemd við frumvarpið að svo komnu máli en sveitarstjórn Flóahrepps óskar eftir því að tillögur að breytingum á mannvirkjalögum fái formlega umfjöllun á vettvangi sveitarstjórna og innan stjórnarsýslu sveitarfélaga.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**13. Frá Nefndarviði Alþingis**

**a) Tillaga til þingsályktunar um skilyrðislausu grunnframfærslu (borgaralaun) 9. mál**

Lagt fram til kynningar.

**b) Tillaga til þingsályktunar um mótun eigendastefnu ríkisins fyrir bújarðir 52. mál**

Lagt fram til kynningar.

**c) Frumvarp til sveitarstjórnarlaga (fjöldi fulltrúa í sveitarstjórn), 190. mál**

Lagt fram til kynningar.

**d) Tillaga til þingsályktunar um bættu stjórnarsýslu í umgengnismálum, 90. mál**

Lagt fram til kynningar.

**e) Tillaga til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku, 179. mál**

Lagt fram til kynningar.

**14. Erindi frá Svanhvíti Hermannsdóttur og Rósu Matthíasdóttur – birting fundargagna**

Í erindinu er lagt til að fundargögn sveitarstjórnarfunda verði birt með fundargerðum sveitarstjórnar að loknum sveitarstjórnarfundum.

Erindi samþykkt með 5 atkvæðum og sveitarstjóra falið að vinna málið áfram.

**15. Fyrirspurn frá Svanhvíti Hermannsdóttur – læsi, lestrarátak**

Lögð fram fyrirspurn frá Svanhvíti Hermannsdóttur þar sem óskað er eftir upplýsingum um hvernig gengið hafi að uppfylla markmið hugarflugsfundar Skólaþjónustu Árneshvígs frá 12. febrúar 2014 þar sem niðurstaða fundarins var að móta skýr markmið í skólamáli 2014 - 2017. Óskað er eftir því að það sé kannað hvort þessi markmið hafi náðst.

Sveitarstjórn vísar erindinu til Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvígs.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Einnig er í erindi Svanhvítar spurt um „Lestarestefnu sveitarfélaganna“ og hvað Flóahreppur hafi gert til þess að auka sýnileika lestrarátaks í grenndarsamfélaginu.

Sveitarstjórn Flóahrepps leggur áherslu á að það þarf samfélag til þess að ala upp barn. Möguleikar einstaklinga á því að afla sér framhaldsmenntunar byggja að miklu leyti á læsi. Brottfall úr framhaldsskólum er 100 % meira en á hinum Norðurlöndunum og það þarf að breytast. Minnt er ábyrgð allra aðila, foreldra/forráðamanna og skólasamfélagsins alls á því að standa vel að lestrarkennslu og að áhersla sé lögð á gildi bóka og bóklestur.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**16. Erindi frá Sigurbáru Rúnarsdóttur – heimasíða Flóahrepps**

Lagt fram erindi frá Sigurbáru Rúnarsdóttur þar sem lagt er til að Flóahreppur leiti eftir tilboðum í hönnun á nýrri heimasíðu fyrir sveitarfélagið.

Sveitarstjórn samþykkir erindið með 5 atkvæðum og sveitarstjóra falið að leita tilboða í gerð nýrrar heimasíðu.

**17. Fundargerðir:**

**a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 197 dags. 07.02.2018**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

**b) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 198 dags. 26.02.2018**

- Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- c) **Fræðslunefndar Flóahrepps nr. 107, dags. 20.02.2018**  
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
  - d) **Atvinnu- og umhverfisnefndar Flóahrepps nr. dags. 06.02.2018**  
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
  - e) **Æskulýðs- og tómsbundanefndar Flóahrepps nr. 34 dags. 20.02.2018**  
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
  - f) **Stjórnar byggðasamlags um Skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita nr. 45 dags. 31.08.2017**  
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
  - g) **NOS dags. 22.02.2018**  
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
  - h) **Fagráðs Tónlistarskóla Árnesinga nr. 188, dags. 27.02.2018**  
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
  - i) **Stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands nr. 263 dags. 30.01.2018**  
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
  - j) **Stjórnar SASS nr. 529, dags. 02.02.2018**  
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
  - k) **Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 857, dags. 23.02.2018**  
Fundargerðin lögð fram til kynningar.

#### 18. Efni til kynningar

- a) **Frá Mennta- og menningarmálaráðuneyti – Pisa könnun 2018 fyrir 15 ára nemendur**
- b) **Tilkynning um trúnaðarmann FOSS hjá Flóahreppi – Bjarnheiður Jónsdóttir**
- c) **Frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga – höfnun á viðbótargreiðslu vegna skólaaksturs**
- d) **Frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu – uppgjör sveitarfélaga við Brú lífeyrissjóð vegna laga nr. 127/2016**
- e) **Rekstrarreikningur Flóaáveitunnar 2016 og 2017**
- f) **Frá Lex lögmannsstofu til KPMG endurskoðunar**
- g) **Virkjum vindorku á Íslandi – stefnmótunar- og kynningarrit Landverndar**

#### 19. Önnur mál:

- a) **Fýsileiki hitaveitutengingar frá Áshildarmýri í húsnæði sveitarfélagsins á Villingaholti, Flóaskóla, Þjórásarver og Skólatröð.**  
Lagt fram minnisblað frá eigendum Hitaveitu Áshildarmýrar dags. 1. mars 2018, þar sem gerð er grein fyrir kostnaði við lagningu heimæðar að Flóaskóla ásamt upplýsingum um verð á mínútulíttra vatns.  
Sveitarstjórn Flóahrepps mun ekki að svo komnu máli óska eftir hitaveitutengingu frá Áshildarmýri í húsnæði Flóaskóla á Villingaholti en sveitarstjóra og oddvita falið að fara yfir útreikninga með starfsmönnum Tæknisviðs áður en endanleg ákvörðun verður tekin í málinu.  
Samþykkt með 5 atkvæðum.
- b) **Erindi frá Gjálþ, félagi um atvinnu- og samfélagsuppbyggingu við Þjórásá**  
Lagt fram erindi frá Gunnlaugi Kristmundssyni f.h. Gjálþar, félags áhugafólks um atvinnu- og samfélagsuppbyggingu við Þjórásá. Í erindinu er óskað eftir styrk frá Flóahreppi kr. 30.000, til þess að halda opinn kynningarfund fyrir ungt fólk í samfélögunum vestan Þjórásar. Sambærilegt erindi er sent sveitarstjórnnum í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og Hrunamannahreppi.  
Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir erindið með 5 atkvæðum.
- c) **Næsti fundur sveitarstjórnar**  
Næsti sveitarstjórnarfundur verður haldinn miðvikudaginn 4. apríl 2018. Fundargögn verða send út miðvikudaginn 28. mars og erindi sem koma eiga til afgreiðslu þurfa að hafa borist fyrir klukkan 12:00 miðvikudaginn 28. mars 2018.

Árni Eiríksson (sign)  
Margrét Jónsdóttir (sign)  
Svanhvít Hermannsdóttir (sign)

Sigurbára Rúnarsdóttir (sign)  
Rósa Matthíasdóttir (sign)  
Eydis Þ. Indriðadóttir (sign)